

Fimmtudaginn 12. desember 1996.

Nr. 485/1994.

Birgir Guðmundsson

(Sigurður Georgsson hrl.)

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Hákon Árnason hrl.)

Slysatrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. desember 1994. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 393.114 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 20. júní 1989 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Birgir Guðmundsson, greiði stefnda, Vátryggingafélagi Íslands hf., 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. september 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ. m., er höfðað með framlagningu skjala í dómi 8. febrúar sl.

Stefnandi er Birgir Guðmundsson, kt. 290336-3769, Lambhaga 16, Bessastaðahreppi.

Stefndi er Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 543.114 kr., auk vaxta skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 512.876 kr. frá 20. júní 1989 til 20. júlí s. á., en af 543.114 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. júní 1990. Þá er krafist málskostnaðar. Til vara krefst stefnandi greiðslu einhverrar lægri fjárhæðar að mati dómsins úr hendi stefnda auk vaxta og málskostnaðar.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

II.

Hinn 20. júní 1989 var stefnandi að leika tennis við son sinn, Einar Ólaf, á malbikuðum tennisvelli í borginni Alicante á Spáni, þar sem stefnandi var í sumarleyfi, og fékk við það snúningsáverka á vinstra hné. Hafði stefnandi mikla verki í hnénu og leitaði læknis þar ytra, sem veitti honum bráða-birgðameðferð. Stefnandi fór til læknis, eftir að heim var komið um sumaríð, og eftir skoðun var talið, að um liðþófaáverka væri að ræða. Var stefnandi settur á biðlista til liðþófaspeglunar í desember sama ár, en aðgerð dróst fram í mars á næsta ári. Hinn 6. mars 1990 var gerð liðspeglun á hnénu. Við hana sást stór rifa í liðþófa innanvert í hnénu, og var rifni hlutinn fjarlægður í framhaldi þess. Útskrifaðist stefnandi af sjúkrahúsinu næsta dag. Öruggt var talið, að rifuna á liðþófanum mætti rekja til áður nefnds snúningsáverka. Í vottorði læknis þess, sem gerði aðgerðina, segir m. a., að stefnandi muni ekki fá nein „teljandi framtíðareinkenni“ í kjölfar liðþófa-áverkans, en þó sé hugsanlegt, að þau verði einhver, svo og, að áverkinn geti leitt til „snemmkominna“ slitbreytinga í liðnum (posttraumatisk arthrosis).

Hinn 18. ágúst 1993 leitaði stefnandi til Björns Önundarsonar læknis, og mat hann stefnanda til 10% varanlegrar örorku vegna afleiðinga liðþófameiðslanna auk 100% tímabundinnar örorku í fjórar vikur og 50% í aðrar fjórar.

Pegar slysið varð, var í gildi milli stefnanda og stefnda svonefnd iðnaðartrygging. Var stefnandi slysattrýggður hjá stefnda og þ. á m. við almennar íþróttaiðkanir, en samkvæmt skilmálum tryggingarinnar er með orðinu slys átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama þess, sem tryggður er, og gerist án vilja hans.

Stefnandi tilkynnti stefnda 11. nóvember 1989, að hann hefði á ferðalagi á Spáni leitað til læknis vegna meiðsla á olnboga, sem hann hefði hlotið í

vatnsrennibraut, og þá hefði hann meiðst á hné í tennisleik. Hinn 12. maí 1992 leitaði lögmaður stefnanda til stefnda vegna hnémeiðslanna og óskaði eftir afstöðu stefnda til bótaskyldunnar. Óskaði stefndi þá eftir upplýsingum um atvik að slysinu, og undirritaði stefnandi svofellda lýsingu á atvikinu hjá starfsmanni stefnanda 19. júní 1992: „Var að spila tennis, var í snúningi að teygja sig eftir boltanum, þegar eitthvað brast í vinstra hné. Aldrei fundið til í hné. Spilað á malbiki, stamt.“ En félagið hafnaði bótaskyldu, með því að ekki væri um utanaðkomandi atburð að ræða, sem valdið hefði meiðslum stefnanda.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar á skilmálum fyrrnefndrar iðnaðartryggingar, sem í gildi var á milli aðila málsins á þeim tíma, er stefnandi hlaut hnémeiðslin. Sé íþróttaiðkun eins og sú, sem hér um ræðir, nánast alltaf áhættusöm, en í skilmálum tryggingarinnar sé tekið sérstaklega fram, að hún nái til slysa, sem verði í frítíma hins tryggða, „þ. á m. slysa, er verði í keppni eða við æfingar til undirbúnings keppni í hvers konar íþróttum“. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að í hinni hröðu atburðarás íþróttar og keppni hljóti allir atburðir, sem valda áverka á íþróttaiðkandanum, að vera utanaðkomandi.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að hið umstefnda óhapp falli ekki undir hugtakið slys í skilningi tryggingaskilmálanna og sé því utan bóta-sviðs slysatryggingarinnar. Sé frumskilyrði bótaskyldu samkvæmt 1. gr. skilmálanna, að utanaðkomandi atburður valdi líkamsmeiðslum, en ella sé ekki um bótaskyld slys að ræða samkvæmt skilmálunum. Ósannað sé, að utanaðkomandi atburður hafi valdið hinum umstefndu hnémeiðslum stefnanda. Stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinum utanaðkomandi atburði, svo sem höggi eða falli, sem valdið hafi meiðslunum, heldur hafi þau hlotist að eigin sögn hans af því, að „hann var í snúningi að teygja sig í boltann, þegar eitthvað brast í vinstra hné“. Hafi meiðslin þannig eingöngu hlotist af eigin hreyfingu stefnanda sjálfs, en ekki að neinu leyti af utanaðkomandi skaðvaldi. Ósannað sé, að stefnandi hafi „runnið til“ eða „skrikað fótur“, en þótt svo væri, breytti það engu um. Utanaðkomandi skaðvaldur hafi eftir sem áður ekki valdið snúningsáverkanum, heldur snúningur og teygja stefnanda sjálfs eftir tennisboltanum. Teljist sú atburðarás, sem leiddi til meiðsla stefnanda, ekki utanaðkomandi, eins og stefnandi haldi fram, og því beri að sýkna stefnda.

Fyrir dóminn komu og gáfu skýrslu stefnandi, Einar Ólafur Birgisson, sonur stefnanda, og Hinrik Hermannsson, fulltrúi hjá stefnda.

IV.

Samkvæmt skýrslum stefnanda og sonar hans, Einars Ólafs, hér fyrir dómi varð stefnandi fyrir hnémeiðslum þeim, sem að framan er lýst, er hann hugðist verjast tennisbolta, sem Einar Ólafur hafði sent yfir á vallahelming stefnanda. Eins og hér að framan er rakið, hafði stefnandi áður gefið skýrslu um atvikið hjá stefnda, þar sem fram kemur, að hann hafi verið að teygja sig eftir boltanum, er hann varð fyrir meiðslunum. Miðað við þessar skýrslur, sem að mati dómsins eru eigi ótrúverðugar, verður eigi talið, að um skyndilegan utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða greint sinn, heldur verði orsök slyssins einungis rakin til hreyfingar stefnanda sjálfs á tennisvöllinum. Er það því niðurstaða dómsins, að eigi hafi verið um slys að ræða í skilningi nefndra tryggingarskilmála. Ber af þeim sökum að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
